

INNGANGUR

Starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar hf. rann út þann 1. ágúst 2008. Þann 23. nóvember 2007 sótti Sementsverksmiðjan um endurnýjun á starfsleyfi. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfinu á tímabilinu 25. júlí til 19. september 2008 og bárust athugasemdir við tillöguna frá eftirtöldum 15 aðilum:

1. Heilbrigðisnefnd Vesturlands
2. Starfshópur á vegum Akraneskaupstaðar
3. Sementsverksmiðjan
4. Íbúar á Suðurgötu 97 og 99, Akranesi
5. Margrét Jónsdóttir, Melteigi 4, Akranesi
6. Björn Gunnar Pálsson, Ásta Hrönn Jónsdóttir, Mánabraut 5, Akranesi
7. 22 íbúar á Akranesi (flestir búsettir við Jaðarsbraut)
8. Björn Baldursson og Sæunn I. Sigurðardóttir, Suðurgötu 90, Akranesi
9. Hallveig Skúladóttir og Stefán Jónsson, Mánabraut 9 og 11, Akranesi
10. Gísli Breiðfjörð Árnason og Jórunn N. Sigtryggisdóttir, Suðurgötu 88, Akranesi
11. Anna María Pálsdóttir og Vilberg Jóhannesson, Vesturgötu 40, Akranesi
12. Nína Borg Reynisdóttir, Akranesi
13. Anna Arnardóttir, Suðurgötu 68, Akranesi
14. Margrét Egilsdóttir, Suðurgötu 68, Akranesi
15. Jón Örn Arnarson, Akranesi

Hér verður fjallað um helstu atriði þessara athugasemda og afstöðu Umhverfisstofnunar til þeirra.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Bent var á prentvillur í nokkrum athugasemdanna.
 - Umhverfisstofnun hefur lagfært þær villur sem bent var á.
2. Heilbrigðisnefnd Vesturlands gerði athugasemd þar sem hún saknar þess að sjá ekki umsókn rekstraraðila þegar um breytta eða aukna starfsemi er að ræða.
 - Athugasemdin er réttmæt en benda má á að hægt var að fá aðgang að þessum upplýsingum hjá stofnuninni.
 - Ekki er um að ræða breytta eða aukna starfsemi hjá Sementsverksmiðjunni við endurnýjun starfsleyfis að þessu sinni. Vegna starfsleyfis varðar það þó mestu hvort mengun eykst. Sjá einnig svar 1 vegna 1. kafla.
3. Athugasemdir voru gerðar sem varða eftirlit.
 - Eftirlit með mengandi starfsemi er framkvæmt óháð því hvort útgáfa starfsleyfis stendur yfir. Athugasemdum sem varða eftirlit má koma á framfæri við eftirlitsaðila, hvort sem unnið er að nýju starfsleyfi eða ekki. Þær athugasemdir af þessu tagi sem fylgdu athugasemdum við gerð starfsleyfis verða teknar sérstaklega til athugunar og unnið að úrbótum þar sem þess er þörf. Þó er hér fjallað um nokkrar þessara athugasemda þegar þær lúta einnig að ákvæðum í starfsleyfi.
4. Nágrannar gerðu athugasemd við drög að starfsleyfi sem þeir töldu brot á mannréttindum og að nábúar verksmiðjunnar væru sviptir réttindum sínum til óskertra lífsgæða. Þeir telja sig verða ítrekað fyrir andlegu og líkamlegu áreiti af völdum starfsemi verksmiðjunnar og einnig fyrir stórfelldu eignatjóni.
 - Sementsverksmiðjan hefur verið starfrækt á núverandi stað í 50 ár.

- Umhverfisstofnun setur rekstraraðila þær takmarkanir í starfsleyfinu sem lög og reglugerðir heimila.
 - Tekið er tillit til staðsetningar verksmiðjunnar inni í miðju bæjarfélagi.
5. Athugasemdum var komið á framfæri um að mat á umhverfisáhrifum þyrfti til að gefa megi út starfsleyfi með aukinni framleiðslu. Auk þess sem mat á umhverfisáhrifum þyrfti til að nota mætti nýjar tegundir af orkugjöfum.
- Sementsverksmiðjan óskaði eftir úrskurði Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukinnar framleiðslu.
 - Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 17. nóvember 2008, kemur fram að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.
6. Í athugasemdum kom fram að mögulega yrði vilji til að kæra starfsleyfi við útgáfu þess.
- Benda má á að heimilt er að kæra útgefið starfsleyfi til umhverfisráðherra samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kæra skal innan tveggja vikna frá ákvörðun útgefanda.

ATHUGASEMDIR UM 1. KAFLA STARFSLEYFISINS

1. Starfshópur Akraneskaupstaðar gerði athugasemd og tillögu um nýtt orðalag fyrir grein 1.2. Þar kom fram að nánari skýringu vantaði á því hvað átt væri við með „forvinnslu flokkaðs úrgangs“ og taldi hann einnig að skerpa þyrfti á orðalagi, einkum hvað varðaði framleiðslu á koladufti. Sementsverksmiðjan benti á að orðalag Umhverfisstofnunar félli mun betur að þeim þáttum sem starfsemin fæli raunverulega í sér. Einnig voru gerðar athugasemdir við aukningu framleiðsluheimilda. Sementsverksmiðjan benti á að möguleikar verksmiðjunnar til að auka afköst verksmiðjunnar fælust í endurnýjun og endurbótum á búnaði verksmiðjunnar. Þar er einkum um að ræða vélar, svo sem loftblásara og hreinsibúnað fyrir útblástursloft. Framleiðslubúnaður verksmiðjunnar muni þá nýtast að fullu án þess að ryk frá verksmiðjunni aukist og kom fram það álit að þrátt fyrir aukningu framleiðslu myndi rykmengun minnka um 20% miðað við framleiðsluforsendur.
- Umhverfisstofnun fellst á að grein 1.2 í auglýstri tillögu að starfsleyfi hafi ekki afmarkað nægilega skýrt þá heimild sem Sementsverksmiðjunni er veitt. Hún hefur því verið endurskoðuð.
 - Aukin mengun verður ekki frá verksmiðjunni þótt endurnýjun á tækjum leiði til aukinnar framleiðslu.
 - Umhverfisstofnun hefur breytt orðalagi starfsleyfisins þannig að nú er rætt um að mala koladuft.
2. Íbúar í nágrenninu mótmæltu því að í starfsleyfi yrði ekki kveðið á um bótarétt vegna skemmda af völdum mengunar frá verksmiðjunni. Bent var á að greiðslur hefðu átt sér stað vegna tjóna af völdum mengunar. Töldu nágrennarnir að möguleikar íbúa til að sækja bætur á hendur verksmiðjunni ef skemmdir verða á húsum, bifreiðum eða öðrum eignum væru því felldir niður. Þá taldi starfshópur Akraneskaupstaðar að eðlilegt gæti talist að bæta við grein 1.8 ákvæði um skyldu verksmiðjunnar til að standa straum af kostnaði sem hlýst af hreinsun og tjóni vegna mengunar.
- Ef starfsemi veldur mengunartjóni ber sá sem veldur menguninni ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Af því leiðir að rekstraraðilinn ber ábyrgð á því tjóni sem hann kann að valda, þó ekki sé kveðið á um skaðabótaskyldu í starfsleyfinu.

- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar byggja á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og stofnunin hefur ekki heimild til að fjalla þar um óskylda þætti, svo sem vegna skaðabótaskyldu rekstaraðila vegna mengunar. Tilgreint ákvæði í eldra starfsleyfi hafði ekki lagastoð og var þess vegna fellt út.

ATHUGASEMDIR UM 2. KAFLA STARFSLEYFISINS

1. Athugasemd var gerð vegna þess að starfsleyfistillagan gerði ráð fyrir að nota mætti mengaðan jarðveg sem hráefni í gjallframleiðslu.
 - Umhverfisstofnun fellst á að orðalag þetta hafi ekki verið nægilega nákvæmt. Því hefur verið breytt.
2. Gerðar voru nokkrar athugasemdir við heimildarákvæði (2.3) sem fjallar um hvaða eldsneyti verksmiðjan megi nýta sér við brennslu í gjallofni. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að fellt yrði út ákvæði um „beinamjöl og/eða kjötmjöl og annan lífrænan úrgang“ og taldi hann það enda vera ljóst að slíkt eldsneyti félli undir ákvæði um „eldsneyti sem er unnið úr úrgangi og uppfyllir íslensk lög og reglugerðir“. Gerðar voru athugasemdir um að beina- og kjötmjöl og annar lífrænn úrgangur gæti ekki verið eldsneyti á ofn. Lagt var til í sumum athugasemdum að þess yrði ekki sérstaklega getið að leyft yrði að brenna bíldekk sem föstu kolefni. Þá komu fram athugasemdir þar sem talið var að áhætta vegna skaðlegra efna myndi aukast og voru díoxín og fúrön einkum nefnd í því sambandi. Fram kom í einni athugasemd að innleiða þyrfti rafmagn til framleiðslunnar en banna ætti bruna eldsneytis.
 - Umhverfisstofnun leggur áherslu á að orðalag starfsleyfa lýsi í raun starfsemi fyrirtækja og umhverfisálagi af völdum þeirra og gefi eins skýra mynd af mengun frá starfsemi og kostur er. Stofnunin bendir og á rétt almennings á upplýsingum um umhverfismál, sbr. lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál.
 - Í ljósi framanritaðs er þess getið í starfsleyfi að bíldekk, beinamjöl og kjötmjöl teljist til eldsneytis í verksmiðjunni, enda hefur það upplýsingagildi fyrir alla hagsmunaaðila.
 - Mjöl er þekkt sem eldsneyti fyrir sementsframleiðslu. Umhverfisstofnun telur samt sem áður að fara beri varlega við notkun mjöls sem eldsneytis enda er Sementsverksmiðjan staðsett í miðju bæjarfélagi.
 - Heimild til þess að brenna mjöl verður háð sérstöku samþykki stofnunarinnar umfram almenna heimild í starfsleyfinu. Þetta er gert til að mæta athugasemdum vegna þessarar heimildar þannig að mótvægisáðgerðir rekstaraðila séu vel tryggðar, sem og að auðvelda aðgerðir ef áhrifa gætir umfram það sem áætlað er.
 - Geymsla og bruni eldsneytis má ekki valda lyktarmengun í umhverfi verksmiðjunnar skv. gr. 2.4 í starfsleyfi.
 - Í ljósi þess hversu miklar áhyggjur nágriannar Sementsverksmiðjunnar hafa af brennslu annars dýraúrgangs hefur orðið að ráði að starfsleyfið kveði skýrt á um bann við slíku eldsneyti.
 - Sementsframleiðslan veldur ekki verulegri hættu á myndun díoxína og fúrana. Sementsframleiðsla á sér stað við meira en 1400 °C sem er nokkuð hreinn bruni. Eins og síðar verður vikið að hefur mæliskylda verksmiðjunnar þó verið aukin hvað þetta varðar.
 - Ekki er hægt að notast við rafmagn eingöngu sem orkugjafa til sementsframleiðslu þar sem eldsneytið til framleiðslunnar er ekki eingöngu orkugjafi heldur einnig afoxunarmiðill og að nokkru leyti hráefni í framleiðslunni.

3. Starfshópur Akraneskaupstaðar vildi breyta orðalaginu í grein 2.3 um viðarúrgang. Sementsverksmiðjan taldi að fjallað væri nægilega um viðarúrgang í grein 2.4 og því væri seinni hluta 2. punktsins í greininni algjörlega ofaukið.
 - Tillaga Umhverfisstofnunar er ætlað að framfylgja ákvæðum í reglugerð.
 - Orðalag í tillögu hefur greinilega valdið ruglingi og hefur því verið breytt til þess að gera starfsleyfið skýrara auk beinnar tilvísunar í viðkomandi grein í reglugerð.
4. Athugasemdir komu fram, um að í síðasta punktinum í grein 2.3 sé ekki mengunarkrafa.
 - Orkugildi felur í sér gæðamarkmið sem talið er fullnægjandi. Almennar mengunarkröfur gilda auk þess um losun, sbr. t.d. grein 2.16 í starfsleyfinu.
5. Hætta á lyktarmengun veldur áhyggjum. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að í stað orðanna „Eldsneyti skal ekki valda lyktarmengun...“ í grein 2.4 komi „Geymsla og bruni eldsneytis skal ekki valda lyktarmengun...“.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessa ábendingu starfshópsins.
 - Brennsla annars dýraúrgangs en mjóls verður bönnuð í verksmiðjunni og því minni hætta á lyktarmengun en annars væri.
6. Varðandi grein 2.6 komu fram athugasemdir um að hitastig í gjallofni sé of lágt (1100°C), enda fer framleiðsla sementsgjalls óhjákvæmilega fram við hærri hita en það. Þá kom fram gagnrýni á hlutfallstölur fyrir eldsneyti úr úrgangi og stungið upp á lægri tölum.
 - Umhverfisstofnun fellst á athugasemdir varðandi ofnhita og er hitamark nú 1400°C.
 - Ekki eru fyrirbyggjandi neinar upplýsingar hjá Umhverfisstofnun sem benda til þess að óvarlegt sé að leyfa að bruni eldsneytis, annars en kola og fasts kolefnis, fullnægi allt að 60% af orkuþörf verksmiðjunnar að því gefnu að öðrum skilyrðum starfsleyfisins sé fullnægt.
7. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að aukið samræmi í orðalagi greinar 2.6 hvað varðar „aðaleldsneyti“ og setti fram tillögu um breytt orðalag.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessar athugasemdir, þó með lítillega breyttu orðalagi.
8. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til breytingar á grein 2.7. Hópurinn telur að verksmiðjan gæti tekið að sér eyðingu tiltekinna efna, svo sem framköllunarvökva, að því gefnu að ákvæði um sambrennslu úrgangs séu uppfyllt. Hins vegar lagðist hópurinn gegn því að brennsla fasts úrgangs, þ.e. á úrgangstimbri, pappír, pappa og plasti (með nettóvarmagildi a.m.k. 15 MJ/kg), yrði leyfð í sambrennslu. Þá var lagt til að í stað orðalagsins „í blásanlegu eða dælanlegu formi, eða unnt að setja þau í blásanlegt eða dælanlegt form með því að búa til þeytur eða lausnir“ komi „í blásanlegu eða dælanlegu formi“.
 - Til að Sementsverksmiðjan geti stundað sambrennslu þarf að auka mengunarvarnir í verksmiðjunni.
 - Umhverfisstofnun telur að rýmka megi heimildir til eyðingar efna og leyfa notkun eldsneytis með lægra nettóvarmagildi en leyft er með núverandi mengunarvarnabúnaði verksmiðjunnar, ef mengunarvarnir eru auknar. Þetta ákvæði er liður í því.
 - Umhverfisstofnun hefur breytt ákvæðinu varðandi blásanlegt eða dælanlegt form í ljósi athugasemdarinnar.
9. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að orðin „skv. gr. 2.7“ kæmu inn í grein 2.9.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessa athugasemd.

10. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til orðalagsbreytingar í grein 2.10 varðandi fyrirsögn og fyrstu setninguna.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessar tillögur.
11. Gerðar voru ýmsar athugasemdir við grein 2.11. Lagt var til að greinin félli niður og grein sem heiti „Móttaka eldsneytis í föstu formi“ kæmi í staðinn. Í nokkrum tilfellum var lagst gegn því að (ómeðhöndlaður) flokkaður úrgangur verði meðhöndlaður (unninn, geymdur og notaður sem brennsluefni) í verksmiðjunni. Ekki ætti að eiga sér stað annað en lágmarksmeðhöndlun sem nauðsynleg sé til að efnið sé einsleitt og rétt blandað þegar því sé blásið inn í gjallofn verksmiðjunnar. Þannig ætti mölun úrgangs og önnur forvinnsla að fara að öllu öðru leyti fram utan verksmiðjunnar. Þá þyrfti að kveða á um að eldsneytið berist í lokuðum vögnum. Starfshópurinn skilaði tilbúinni tillögu um greinina. Sementsverksmiðjan benti á að kol væru forunnin í verksmiðjunni og að verksmiðjan þyrfti að hafa sambærilega möguleika fyrir annað eldsneyti. Sementsverksmiðjan umritaði tillögu starfshópsins með þetta í huga.
 - Umhverfisstofnun fellst þá tillögu sem starfshópur Akraneskaupstaðar lagði fram að teknu tilliti til ábendinga í athugasemd Sementsverksmiðjunnar.
12. Athugasemdir komu fram við geymslu 500 tonna af ómeðhöndluðum úrgangi. Ekki hefði komið fram hvort geyma skuli þessi 500 tonn utandyra eða í lokuðu rými.
 - Starfsleyfið lýsir því nú betur hvað átt sé við með eldsneyti úr úrgangi í textanum í grein 2.11.
 - Í grein 2.11 er nú tiltekin sérstaklega geymsla í lokuðu rými.
13. Umsagnaraðilar voru ekki á eitt sáttir um hvernig orðalag greinar 2.12 um meðhöndlun skeljasands ætti að vera.
 - Hvað grein 2.12 varðar telur Umhverfisstofnun sig ganga eins langt í sínum kröfum og mögulegt er. Möguleiki verður að vera á því að uppfylla kröfur stofnunarinnar. Orðalag greinarinnar er því óbreytt.
14. Starfshópur Akraneskaupstaðar taldi að ákvæði um meðhöndlun kola á Grundartanga ættu heima í öðru starfsleyfi.
 - Umhverfisstofnun bendir á að starfsemi sem eingöngu er bundin við meðhöndlun kola á Grundartanga er ekki starfsleyfisskyld ein og sér.
15. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til nánari ákvæði vegna geymslu utan dyra. Íbúar á Akranesi gerðu athugasemdir við geymslu á líparíti og gifsi utan dyra. Einnig kom fram athugasemd nágranna við geymslu rafsíuryks sem fjúki yfir bæinn og þess óskað að geymsla hráefnis og úrgangs sé með öllu óheimil utandyra.
 - Umhverfisstofnun fellst á tillögu starfshóps Akraneskaupstaðar að grein 2.15.
 - Hráefnaþró Sementsverksmiðjunnar er leyfð með skilyrðum í greinum 2.15 og 2.29.
 - Umhverfisstofnun telur að sú leið að banna geymslu á hráefni utan dyra sé ekki fær að þessu sinni vegna þess hve slík framkvæmd er umfangsmikil. Stofnunin mun þó í ljósi athugasemda beina eftirliti sínu sérstaklega að leiðum til að draga úr foki og öðrum áhrifum í samráði við fyrirtækið á starfsleyfistímanum.
 - Geymsla úrgangs utandyra er ekki heimiluð samkvæmt starfsleyfi.
16. Gerðar voru ýmsar athugasemdir við grein 2.16 þar sem tiltekin eru losunarmörk fyrir útblástur frá gjallofni miðað við 10% súrefnismagn. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að mörk fyrir heildaryrk

yrðu 30 mg/Nm³. Með því yrði sérstakt hámarksgildi vegna sambrennslu úrgangs fellt niður og almenna gildið (50 mg/Nm³) lækkað að sama skapi. Þá lagði hópurinn til að bætt yrði við hámarksgildi fyrir rokgjörn lífræn efni (TOC) og vildi hópurinn að mörkin miðuðust við 10 mg C/ Nm³. Hópurinn lagði einnig til að bætt yrði við hámarksgildi fyrir díoxín og fúrön sem miðast skuli við 0,1 ng/Nm³. Af hálfu Sementsverksmiðjunnar var athygli vakin á því að verksmiðjan muni ekki geta uppfyllt kröfur um rykhreinsun undir 30 mg/Nm³ á næstu árum. Til þess að slíkt sé mögulegt þyrfti að ráðast í miklar fjárfestingar sem ekki væru efnahagslegar forsendur fyrir nú. Bent var á að starfsleyfistillagan gerði nú þegar ráð fyrir hertum kröfum miðað við kröfur í eldra starfsleyfi sem myndu takmarka framleiðslu fyrirtækisins. Þá sá Sementsverksmiðjan ekki tilgang með kröfum um mörk eða mælingar á TOC (heildar lífrænu kolefni). Við framleiðsluna sé bruni við 1400°C og brunuferlinu stýrt af kolmónoxíði og súrefni til þess að tryggja hámarksnýtingu á hitagildi eldsneytisins.

- Umhverfisstofnun fellst á rök Sementsverksmiðjunnar varðandi mörk fyrir heildarryk.
- Til að Sementsverksmiðjan geti stundað sambrennslu þarf að auka mengunarvarnir í verksmiðjunni.
- Röksemdir fyrir kröfu um TOC-mörk hafa ekki komið fram og Umhverfisstofnun hefur ekki fundið þörf fyrir slík mörk.
- Umhverfisstofnun hefur sett inn í starfsleyfi kröfur vegna díoxín- og fúranmælinga.

17. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að hámarksstyrkur ryks frá gjallkæli yrði lækkaður úr 50 mg/Nm³ í 25 mg/Nm³ enda benti grænt bókhald Sementsverksmiðjunnar til þess að hægt yrði að ná slíkum árangri án verulegra breytinga. Sementsverksmiðjan taldi sig ekki geta fallist á þetta.

- Starfsleyfið kveður á um mörk sem lúta að ýrústu hámarksmengun sem leyfð er af hálfu starfsleyfisveitanda. Rekstraraðila ber samt sem áður að gæta þess að takmarka mengun enn frekar ef slíkt er hægt með litlum tilkostnaði. Verði árangur mun betri en starfsleyfið kveður á um er rekstraraðili væntanlega annaðhvort að sinna þessari skyldu sinni varðandi frekari takmörkun á mengun eða sínum eigin gæðamarkmiðum. Slík tilvik gefa ekki tilefni til að gera frekari kröfur til rekstraraðila hvað varðar hámarksmengun.
- Umhverfisstofnun telur kröfuna ekki innan þeirra marka sem rekstraraðili gæti staðið við.

18. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að hámarksstyrkur ryks frá sementsmölun yrði lækkaður úr 50 mg/Nm³ í 25 mg/Nm³ enda benti grænt bókhald Sementsverksmiðjunnar til þess að þeim áfanga hafi þegar verið náð. Sementsverksmiðjan taldi sig ekki geta fallist á þetta.

- Samkomulag hefur orðið um það á milli Umhverfisstofnunar og Sementsverksmiðjunnar að þessi mörk verði lækkuð úr 50 mg/Nm³ í 30 mg/Nm³.
- Að öðru leyti vísast í athugasemd hér á undan (vegna ryks í gjallkæli).

19. Íbúar á Akranesi gera athugasemdir við að hjólabúnaður sé ekki hreinsaður þegar ryk er flutt af svæðinu.

- Í grein 2.25 í starfsleyfinu er kveðið á um að hreinsa skuli hjólabúnað ökutækja. Einnig má benda á grein 2.29.

20. Starfshópur Akraneskaupstaðar benti á að taka þyrfti tillit til ákvæða í nýrri hávaðareglugerð nr. 724/2008. Setja ætti tiltekin hávaðamörk við húsvegg. Sementsverksmiðjan taldi að með því yrði slakað á kröfum um hljóðvarnir. Íbúar á Akranesi töldu að verksmiðjan uppfyllti ekki „lög um hávaðamengun“.

- Umhverfisstofnun hefur lagfært tilvísun í umrædda reglugerð.
- Stofnunin telur það misskilning hjá Sementsverksmiðjunni að slakað hafi verið á kröfum.

21. Starfshópur Akraneskaupstaðar benti á að ekki væri tekið á titringi í starfsleyfisdrögunum. Hópurinn lagði til nýja grein í starfsleyfið sem fjalla ætti um titring. Sementsverksmiðjan taldi að hægt yrði að fella kröfur um titring inn í grein um hávaða.
 - Umhverfisstofnun fellst á tillögu starfshópsins, með breytingartillögu Sementsverksmiðjunnar, um að bæta ákvæði um titring inn í grein 2.28.
22. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði eftir orðalagsbreytingum á síðari hluta greinar 2.29.
 - Umhverfisstofnun hefur breytt orðalaginu á þessari grein og komið til móts við þessa ábendingu. Tillögurnar hafa auk þess breyst í meðförum Umhverfisstofnunar og bætt hefur verið inn ákvæðum um að uppfylla skuli ákvæði reglugerðar nr. 817/2002, um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti.
23. Íbúar á Akranesi gerðu athugasemd vegna þess að rafsía hefur ekki verið endurnýjuð samkvæmt síðasta starfsleyfi eins og gera hefði átt fyrir 1.7 2007.
 - Engin krafa var um endurnýjun rafsíu samkvæmt síðasta starfsleyfi.
24. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði eftir því að ný grein í starfsleyfi myndi fjalla um ásýnd og umgengni utanhúss.
 - Í grein 2.15 í starfsleyfinu er kveðið á um að frágangur og umgengni við svæði utan dyra skuli vera með þeim hætti að dregið sé úr rykmagni eins og kostur er og að frágangur lóðarinnar sé snyrtilegur.
 - Ef mengunarhætta er yfirvofandi vegna slæmrar umgengni er ljóst að Umhverfisstofnun hefur eftirlitshlutverk á þessu sviði.
 - Umhverfisstofnun telur að fjalla skuli að öðru leyti um málefni sem varða umgengnismál og ásýnd Sementsverksmiðjunnar utanhúss á sama vettvangi og annara aðila sem staðsettir eru innan bæjarmarkanna.

ATHUGASEMDIR UM 3. KAFLA STARFSLEYFISINS

1. Starfshópur Akraneskaupstaðar vildi fá breytingu á kynningartexta í byrjun greinar 3.1.
 - Umhverfisstofnun telur breytinguna ekki nauðsynlega.
2. Athugasemd kom fram um að Sementsverksmiðjan sjái sjálf um hluta mælinga.
 - Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fyrirtæki sameini gæðakerfi sín og þær mælingar sem stofnunin fer fram á. Með slíku móti er oft hægt að ná fram hagræðingu við umhverfisráðstafanir. Eftirlitsaðili fylgist með niðurstöðum og framkvæmd mælinga.
3. Starfshópur Akraneskaupstaðar fór fram á tíðari mælingar á þungmálmum þannig að sýni vegna vöktunar séu tekin á hálfis árs fresti. Sementsverksmiðjan gerði í þessu sambandi athugasemd þar sem athygli var vakin á því að þungmálmur hafa alltaf mælst lágir í verksmiðjunni og að mælingar á þeim hafi skilað litlum upplýsingum. Verksmiðjan taldi að fækka mætti slíkum mælingum, frekar en að fjölga þeim, þannig að þær verði framkvæmdar á tveggja ára fresti.
 - Umhverfisstofnun telur að ekki sé ástæða til að fjölga mælingum enda hefur ekki verið sýnt fram á að þungmálmamengun sé mikil frá verksmiðjunni. Samkvæmt grein 4.8 í starfsleyfinu getur eftirlitsaðili breytt tíðni mælinga sé ástæða til.

- Þar sem fyrirhugað er að breyta eldsneytisnotkun í verksmiðjunni er að álitni Umhverfisstofnunar rétt að fara varlega í að fækka mælingum á næstunni.
4. Athugasemdir komu frá einstaklingum og starfshóp Akraneskaupstaðar þar sem gagnrýnt var að í tillögu Umhverfisstofnunar var kveðið á um að díoxín- og fúranmælingar færu aðeins fram einu sinni á starfsleyfistíma, sem í tillögunni var ætlaður til 2024. Töldu umsagnaraðilar sumir hverjir eðlilegt að mæla díoxín og fúran tvisvar á ári af óháðum aðila en starfshópur Akraneskaupstaðar taldi að mæla ætti einu sinni á ári. Í athugasemdum Sementsverksmiðjunnar var bent á að mæling af þessu tagi hafi farið fram nýlega og að niðurstöður voru vel innan marka. Bent var á að hitastig og hitaferill í ofni gæfi til kynna að styrkur þessara efna væri í lágmarki. Vakin var athygli á því að mælingar af þessu tagi væru mjög kostnaðarsamar og að sýnataka ein og sér væri ekki framkvæmanleg.
- Sementsverksmiðjunni er gert að uppfylla mörk fyrir díoxín og fúrön skv. grein 2.16 í starfsleyfinu. Til að staðfesta að þau mörk séu uppfyllt þarf rekstraraðili að framkvæma mælingar.
 - Mælitíðni verður að taka mið af kostnaði annars vegar, mengunarhættu og þörf fyrir að fylgjast vel með mengun.
 - Varðandi mælingar á díoxínum og fúrönunum í Sementsverksmiðjunni er kostnaður fremur hár, mengunarhætta líklega ekki mjög mikil en hagsmunir umhverfissins miklir að slík mengun eigi sér ekki stað.
 - Umhverfisstofnun hefur ákveðið með hliðsjón af framangreindu að mælingar á díoxínum og fúrönunum þurfi að fara fram fjórða hvert ár í Sementsverksmiðjunni.
5. Starfshópur Akraneskaupstaðar fór fram á að hávaði verði mældur árlega í stað þriðja hvers árs. Nágrannar Sementsverksmiðjunnar gerðu þá athugasemd að mæla ætti hávaða við húsvegg skv. nýrri reglugerð.
- Tíðni hávaðamælinga hefur nú verið ákveðin annað hvert ár í stað þess að mæla þriðja hvert ár eins og áður var og tillagan gerði ráð fyrir.
 - Umhverfisstofnun telur að hávaðamæling annað hvert ár veiti nægjanlegar upplýsingar um stöðu mála og geti verið forsenda úrbótaverkefna á þessu sviði.
6. Starfshópur Akraneskaupstaðar fór fram á að TOC vöktun verði tekin upp. Sementsverksmiðjan lagðist gegn því vegna lítills upplýsingagildis.
- Engin umhverfismörk verða sett fyrir TOC eins og áður hefur komið fram.
 - Umhverfisstofnun hefur ekki borist viðunandi rökstuðningur fyrir TOC vöktun.
7. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði skýringar Umhverfisstofnunar á tilvísun í grein 3.1 í starfsleyfistillögunni þar sem vísað er í grein 2.17 um „önnur brunagös“.
- Vísa átti í grein 2.16 á þessum stað. Þetta hefur verið leiðrétt.
8. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði eftir breytingum á 6. og 7.punkti í grein 3.2.
- Umhverfisstofnun fellst á tillögurnar.

ATHUGASEMDIR UM 4. KAFLA STARFSLEYFISINS

1. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til orðalagsbreytingar á grein 4.3.
- Umhverfisstofnun fellst á tillögurnar.

2. Starfshópur Akraneskaupstaðar lagði til að ákvæði sem heimilaði að dregið yrði úr tíðni mælinga verði felld niður, svo og ákvæði um endurskoðun mæliáætlana ef hafin er sambrennsla úrgangs í verksmiðjunni. Sementsverksmiðjan taldi að ef hægt væri að fara fram á tíðari mælingar yrði einnig að vera hægt að draga úr tíðni mælinga.
 - Rétt er að benda á að tilgangur þeirra mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi, er að fylgjast með því hvort umhverfismörk séu virt af hálfu rekstraraðila og meta mengunarvarnir. Mælingar kosta rekstraraðila fé og fyrirhöfn og þarf því að gæta þess að miða kröfurnar við upplýsingagildi gagnanna. Það er hlutverk eftirlitsaðila að útfæra þetta nánar.
3. Ákvæði um samráðsfundi. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði eftir að fundir verði árlega, eins og í fyrra starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar. Lagði hópurinn til að fulltrúar Akraneskaupstaðar verði boðaðir á þessa fundi eins og verið hefur. Heilbrigðisnefnd Vesturlands lagði til að árlega yrðu haldnir samráðsfundir með Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitinu. Í athugasemdum Sementsverksmiðjunnar kom fram að hún taldi sjálfsagt mál að halda óbreyttu fyrirkomulagi um samráðsfundi með fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Akraneskaupstað og Sementsverksmiðjunni. Opnir kynningarfundir verði haldnir á 4 ára fresti. Einstaklingar gerðu einnig athugasemdir þar sem farið var fram á íbúafundi árlega.
 - Samkvæmt grein 4.9 í skal rekstraraðili boða ár hvert fulltrúa Umhverfisstofnunar, eftirlitsaðila, Akraneskaupstaðar og Heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar Vesturlands á samráðsfund.
 - Opna kynningarfundir skal halda á 4 ára fresti skv. sömu grein. Einnig má benda á grein 1.9 í starfsleyfinu þar sem fjallað er um upplýsingarétt almennings.

ATHUGASEMDIR UM 5. KAFLA STARFSLEYFISINS

1. Starfshópur Akraneskaupstaðar taldi brýnt að fram færu reglulegar mælingar á loftgæðum í nágrenni Sementsverksmiðjunnar, einkum mælingar á svifryki (PM_{10} og $PM_{2,5}$), bæði til að taka af öll tvímæli um rykmengun á svæðinu og til að byggja upp og viðhalda trausti milli íbúa og rekstraraðila. Hópurinn lagði jafnframt til útfærslu á texta þessarar greinar. Sementsverksmiðjan vildi vekja athygli á að svifryk (PM_{10} og $PM_{2,5}$) hefði verið mælt á Akranesi og að niðurstöður hefðu sýnt að ekki væri þörf á reglulegum eða samfelldum mælingum á svifryki samkvæmt reglugerðum um loftgæði. Hæstu styrkir svifryks hefðu ekki komið þegar vindur stóð af verksmiðjunni. Verksmiðjan bauðst hins vegar til að fara út í stutta mæliherferð með svifryksmæli sem er í hennar eigu. Þá benti verksmiðjan á að mælingar í útblæstri sýndu lágan styrk á NO_x og SO_2 og því væri ekki þörf á slíkum mælingum vegna verksmiðjunnar.
 - Viðmiðun í starfsleyfi er að fylgjast með loftgæðum. Það er háð mati hverju sinni hvaða mælingar þarf til þess. Til að gefa nægilegan sveigjanleika til að taka á þeim atriðum sem þörf er á að vakta þykir ekki ástæða til að starfsleyfi fjalli um mælingar í smáatriðum, heldur skal fjallað um mælingar í vöktunaráætlun samkvæmt gr. 5.1.
 - Við mælingar á loftgæðum þarf jafnframt, að mati stofnunarinnar, að mæla fallryk. Nánari útfærsla á umhverfisvöktun mun koma fram í vöktunaráætlun samkvæmt gr. 5.1.
 - Sementsverksmiðjan hefur lýst vilja til að standa fyrir stuttri mæliherferð vegna svifryks. Útfærsla á áætlun þessari kemur væntanlega fram í vöktunaráætlun fyrirtækisins.
2. Starfshópur Akraneskaupstaðar óskaði eftir því að í starfsleyfi komi ný grein um kvörtunarferli. Telur hópurinn að athugasemdir ætti að vera hægt að gera á heimasíðu Umhverfisstofnunar og heimasíðu Sementsverksmiðjunnar. Þessara ferla ætti að geta í starfsleyfi.
 - Það er hluti af reglulegri starfsemi Umhverfisstofnunar að taka á móti kvörtunum sem snúa að mengun vegna fyrirtækja.

- Stofnunin mun skoða betur hvaða breytingar megi gera á heimasíðunni til að auðvelda samskipti við almenning enn frekar.

ATHUGASEMDIR UM 7. KAFLA STARFSLEYFISINS

Nokkrar athugasemdir komu fram um gildistíma starfsleyfisins. Starfshópur Akraneskaupstaðar taldi eðlilegt í ljósi mikillar umræðu í samfélaginu og breyttra áherslna í umhverfismálum að starfsleyfi verði veitt að hámarki í 8 ár. Sementsverksmiðjan fór fram á að gildistími starfsleyfis ætti að vera 16 ár eins og lagt var til í starfsleyfistillögunni. Nágrannar bentu til samanburðar á að síðasta starfsleyfi gildi aðeins til 7 ára. Einnig kom fram það sjónarmið að 50 ára gömul verksmiðja sem lítið hafi verið endurnýjuð frá upphafi, og sé rekin inni í miðju bæjarfélagi sé ekki venjulegur rekstur. Krafa var gerð um að gæta sérstaklega að starfsemi eins og fram fer hjá Sementsverksmiðjunni. Einnig komu fram sjónarmið um að ekki skuli endurnýja starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar og að hæfilegur gildistími væri 4 ár.

- Starfsleyfið verður veitt til 16 ára.
- Sementsverksmiðjan sætir sem fyrr eftirliti vegna mengunarvarna.
- Ekki er líklegt að stutt starfsleyfi hvetji rekstraraðila til góðrar frammistöðu á sviði mengunarvarna. Betra hlýtur að vera að hafa skýrar reglur í starfsleyfi til langs tíma og að halda í framhaldinu góðri samfellu í eftirliti vegna mengunarvarna.
- Umhverfisstofnun bendir á að gildistími síðasta starfsleyfis Sementsverksmiðjunnar til 7 ára var ákveðinn á grundvelli ákvæða í reglugerðum sem höfðu gildistíma til ársins 2008. Slík sjónarmið eiga ekki við að þessu sinni.
- Í stað þess að hafa gildistíma starfsleyfis þeim mun styttri hefur verið hert á ákvæðum um endurskoðun í grein 1.7 í starfsleyfinu og rekstraraðila gert að skila skýrslu um árangur í mengunarvörnum, niðurstöðum umhverfisvöktunar og innra eftirlits og útkomu umbótaverkefna og um umfang og reynslu af notkun eldsneytis úr flokkuðum úrgangi við endurskoðun á fjögurra ára fresti.